

Svar

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs.

1. *Hverjar eru lögbundnar tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs og hvernig hefur þeim verið breytt frá og með árinu 2001?*

Atvinnuleysistryggingasjóður er fjármagnaður með svokölluðu atvinnutryggingagjaldi sem er hluti tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990, með síðari breytingum. Atvinnutryggingagjaldið er 3,81% af gjaldstofni tryggingagjaldsins skv. 1. mgr. 2. gr. laga um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Árið 2001 var atvinnutryggingagjaldið 0,8% af gjaldstofni tryggingagjaldsins. Atvinnutryggingagjaldinu var breytt með lögum nr. 90/2004, um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, þannig að hlutfall þess af gjaldstofni tryggingagjaldsins var lækkað úr 0,8% í 0,65%. Lögin tóku gildi 1. janúar 2005. Hlutfall það sem atvinnutryggingagjaldið nam af gjaldstofni tryggingagjaldsins var hækkað með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, í 2,21% en lögin tóku gildi 1. júlí 2009. Atvinnutryggingagjaldið var síðan hækkað í 3,81% af gjaldstofni tryggingagjaldsins með lögum nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, en þau lög tóku gildi 1. janúar 2010.

2. *Hverjar hafa árlegar tekjur og útgjöld sjóðsins verið frá og með árinu 2001?*

3. *Hver hefur staða sjóðsins verið um hver áramót frá árinu 2001?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Tafla 1. Tekjur og útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 2001–2009 í millj. kr.

Ár	2001	2002	2003	2004	2005*	2006	2007	2008	2009**
Tekjur	3.443	3.689	3.692	3.978	3.524	4.370	4.796	5.670	10.500
Gjöld	1.988	3.387	4.655	4.936	3.737	2.996	3.054	5.299	26.200
Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur	1.455	302	-963	-958	-213	1.374	1.742	371	-15.700
Fjármunatekjur	580	538	344	379	541	864	1.317	1.831	500
Tekjuafgangur/halli ársins	2.035	840	-619	-579	328	2.238	3.059	2.202	-15.200

*Leiðrétting á höfuðstól um 100 millj.kr. til lækkunar á lokafjárlögum 2005.

** Áætlaðar tekjur í fjárlögum 2009.

Heimild: Vinnumálastofnun.

Tafla 2. Eiginfjárstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs í lok hvers árs 2001–2009.

Ár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009*
Eiginfjárstaða í lok árs	8.281	9.122	8.503	7.924	8.152	10.390	13.475	15.649	449

*Áætlun í árslok 2009.

Heimild: Vinnumálastofnun.